

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 8. júní 2020
UST202005-020/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag atvinnusvæðis vestan Óseyrarbrautar í Þorlákshöfn - Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ölfuss er barst 4. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir atvinnusvæði vestan Óseyrarbrautar í Þorlákshöfn.

Í greinargerð og í erindi sveitarfélagsins kemur fram að deiliskipulagið fjallar um athafnasvæði í Þorlákshöfn, sem liggur vestan megin við Óseyrarbraut og er skipulagssvæðið að hluta byggt upp nú þegar og er starfsemin á svæðinu af ýmsum toga eins og verkstæði, vinnsla fiskafurða o.fl. Svæðið er skilgreint sem skv. gildandi aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 sem athafnasvæði, iðnaðarsvæði og verslunarsvæði.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að óbyggði hlutinn er hálfgróið hraun þar sem einhver uppgræðsla hefur átt sér stað, m.a. með melgresi og lúpínu.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem hér er til umfjöllunar er skilgreint sem forsögulegt hraun samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands <https://serstokvernd.ni.is/>

Umhverfisstofnun bendir á að forsöguleg hraun falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðinga sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu að verndargildi hraunasvæða séu metin og m.a. tekið sé tillit til jarðmyndanna.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvinnjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr laganna.


Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur